

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna stækkunar
hótels á Mosató 3 í landi Hnauss II.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. september 2023 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017–2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. september 2023.

Í skipulagsáætluninni felst breyting á ákvæðum fyrir verslunar- og þjónustusvæði (VP11) á Mosató 3, byggingarmagn getur verið allt að 3.000 m² og gistirými allt að 27. Einnig er fellt út vatnsból (VB5).

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. september 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 11. október 2023